

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 66/97
frá 4. október 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 49/96 frá 4. október 1996⁽¹⁾.

Sjöunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB frá 2. júlí 1996 um nauðsynlegar
efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 7. lið (sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
95/32/EB) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„8. 396 L 0045: Sjöunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB frá 2. júlí
1996 um nauðsynlegar efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu
snyrtivara (Stjtið. EB nr. L 213, 22. 8. 1996, bls. 8).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 213, 22. 8. 1996, bls. 8.

2. gr.

Fullgiltur texti sjöundu tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner